

18. Frumvarp

til laga um dýralækna.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Dýralækna skulu vera tveir. Annar í suður- og vesturamti og hafa aðsetur í Reykjavík, hinn í norður- og austuramti og hafa aðsetur á Akureyri. Laun dýralækna skulu ákveðin í launalögum.

2. gr

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr rikissjóði 5 krónur í fæðispeninga, fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o, fl.

3. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararþena og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 2. gr. þessara laga.

4. gr.

Stjórnarráðið setur dýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfsvið þeirra.

Lög nr. 61, 3. nóv. 1915 um dýralækna eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1925 samþykkti Neðri deild »að skora á landsstjórnina að veita ekki þau embætti og sýslanir, sem losna og hún telur unt að komast af án, fyr en Alþingi hefir gefist kostur á að láta í ljós álit sitt um niðurlagn-ing þeirra eða sameining við annað embætti eða sýslan«.

Á síðastliðnu hausti losnaði dýralæknisembættið í Reykjavík, en stjórnin hefir ekki veitt embættið, þaræð hún álitur að það orki tvímælis að dýralæknaembættin hafi komið að þeim notum sem gert er ráð fyrir er þau voru stofnuð.

Telur stjórnin að fært sje að komast af með tvo dýralækna, í bili að minsta kosti, en leggur hinsvegar áherslu á að í þess stað sjeu framkvæmdar visindalegar rannsóknir og tilraunir um ráð gegn þeim búfjársjúkdómum sem nú valda mestu tjóni hjer á landi og leggur fyrir þingið sjerstaka tillögu um það.